

# Meðferð með sárasugu

Meðferð með sárasugu er sárameðferð sem flytt getur því að sár grói. Svampur er lagður í sárið og festur með loftþéttri umbúðafilmu. Umbúðir eru tengdar við sárasugu og þannig myndaður undirþrýstingur í sárinu.

## Umgengni við tæki

- Nauðsynlegt er að tækið sé í alltaf í gangi og að sogið virki, því þarf að skoða tækið og umbúðir nokkrum sinnum á sólarhring.
- Sárasugan gengur fyrir rafmagni. Í henni er rafhlaða sem þarf að hlaða reglulega. Gott er að venja sig á að hlaða sárasuguna á nóttunni.
- Við tækið er fest safnhylki sem tekur við vessa frá sárinu. Í því er skynjari sem lætur vita þegar hylkið er fullt og er þá nauðsynlegt að skipta um hylki.
- Gæta þarf þess að hvolfa ekki eða hrista tækið. Ef það gerist getur vessinn farið í skynjarann. Þá stöðvast sárasugan og gefur frá sér viðvörunarhljóð um að hylkið sé fullt.
- Nauðsynlegt er að sárasugan sé í viðeigandi tösku sem hægt er að bera á sér eða hengja á stól eða rúmstokk eftir því sem við á, því tækið er dýrt og viðkvæmt fyrir hnjaski og höggum. Ef þörf er á, má þvo töskuna í þvottavél við lágan hita en mikilvægt er að hún nái að þorna vel áður en tækið er sett aftur í hana.

## Viðvörðunarljóð í tæki

Láta þarf heilbrigðisstarfsmenn vita ef viðvörðunarljóð heyrast frá sárasugu. Sárið má ekki vera án sögs í meira en samtals tvær klukkustundir á sólarhring, því þá er aukin hættu á sýkingu.

### Sárasugan gefur frá sér viðvörðunarljóð ef:

- Hylkið er fullt
- Slangan er stífluð
- Kveikt er á tækinu en ekki kveikt á sogi
- Rafflaða er að tæmast
- Umbúðir eru óþéttar eða leki meðfram umbúðum

## Eftirlit með sári

- Sárasogsmeðferð á ekki að vera sársaukafull, en borið getur á óþægindum fyrst eftir að kveikt er á tækinu og þegar svampur er fjarlægður við umbúðaskipti.
- Skipt er á umbúðum 2.-5. hvern dag, en það fer eftir ástandi sársins.
- Skoða þarf umbúðir nokkrum sinnum á dag. Svampurinn á að vera harður og krumpaður eins og rúsína. Ef svampurinn er mjúkur er það merki um að það sé ekki nægilegt sog á umbúðunum. Þá þarf að láta hjúrunarfræðing vita.

## Sturta

- Umbúðir eru vatnsheldar og mega blotna en tækið sjálf má alls ekki blotna.
- Stundum er óhætt að fara í sturtu, en það er alltaf í samráði við hjúrunarfræðing eða lækni. Tækið er þá haft í gangi en tekið úr sambandi við rafmagn. Gæta þarf þess að tækið sé staðsett á öruggum og þurrum stað á meðan.

## Meðferð með sárasugu utan spítala

### Hafa þarf samband við lækni eða hjúkrunarfræðing ef:

- Líkamshiti fer yfir 38,5°C
- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja
- Ferskt blóð kemur í slöngu eða safnhylki
- Roði, kláði, útbrot eða eymsli eru við sárið
- Umbúðir leka eða vond lykt kemur frá sári
- Slökkt hefur verið á tækinu í samtals meira en tvær klukkustundir á síðustu 24 klukkustundir
- Tæki gefur frá sér viðvörunarhljóð

Ef upp koma vandamál tengt meðferðinni er hægt að leita til göngudeildar skurðlækninga B3 á Landspítala í Fossvogi en utan dagvinnutíma til HNE, lýta- og æðaskurðeildar A4 á Landspítala í Fossvogi.

### Símanúmer

Símaver Landspítala (opið allan sólarhringinn)	543 1000
HNE-, lýta- og æðaskurðeild A4 (utan dagvinnutíma)	543 7354

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.